



Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið

Jón Prándur Stefánsson
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Þórshöfn, 30. september 2020

Tilvísun ráðun., ANR20090157

Jón Prándur.

Ofangreint erindi var tekið til meðferðar og afgreiðslu á 117. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar, fimtudaginn 17. september 2020. Svohljóðandi bókun var gerð vegna málsins:

Bókun um afgreiðslu: Óskað er eftir svohljóðandi breytingum á 1. gr.: Staflíður (b) hljóðist svo: „Eru skráð í viðkomandi byggðalagi 17. september 2020.“ Málsliður 1 í staflíð (c) hljóðist svo: „Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 17. september 2020.“ Bætt verði við nýjum staflíðum, annars vegar staflíð (d), sem orðist svo „Einungis skip sem eru minni en 300 brúttótonn fá úthlutun“ og hins vegar staflíð (e), sem orðist svo: „Við útreikning úthlutunar byggðakvóta skal draga frá afla sem til er komin vegna veiða á sértæku aflamarki Byggðastofnunar.“

Einnig er óskað eftir breytingu á 1. mgr. 6. gr. reglugerðar sem verði breytt þannig að orðið sveitarfélags komi í stað byggðarlags. Umrædd setning orðist því á eftirfarandi hátt. „Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.“ Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerðin verði óbreytt að öðru leyti frá ráðuneytinu fyrir Bakkafjörð og Þórshöfn.

Afrit af því sem bókað var á fundinum undir þessum lið má sjá í heild sinni á bakhlið þessa bréfs.

Virðingarfyllst,

Jónas Egilsson, sveitarstjóri.



Frá 117. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar, 17. september 2020, um reglur um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2020-2021

22. Reglur um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2020-2021, dags. 11. sept. 2020

Lagt fram erindi frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 11. september 2020, um breyttar reglur á umsóknarferli á úthlutun byggðakvóta. Til máls tók Siggeir Stefánsson og lýsti yfir vanhæfi undir þessum lið. Samþykkt samhljóða og Siggeir yfirgaf fundinn.

Til máls tók sveitarstjóri og kynnti málið. *Bókun um afgreiðslu:* Óskað er eftir svohljóðandi breytingum á 1. gr.: Staflíður (b) hljóðist svo: „Eru skráð í viðkomandi byggðalagi 17. september 2020.“ Málsliður 1 í staflíð (c) hljóðist svo: „Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðalagi 17. september 2020.“ Bætt verði við nýjum staflíðum, annars vegar staflíð (d), sem orðist svo „Einungis skip sem eru minni en 300 brúttótonn fá úthlutun“ og hins vegar staflíð“ (e), sem orðist svo: „Við útreikning úthlutunar byggðakvóta skal draga frá afla sem til er komin vegna veiða á sértæku aflamarki Byggðastofnunar.“

Einnig er óskað eftir breytingu á 1. mgr. 6. gr. reglugerðar sem verði breytt þannig að orðið sveitarfélags komi í stað byggðarlags. Umrædd setning orðist því á eftirfarandi hátt. „Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.“ Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerðin verði óbreytt að öðru leyti frá ráðuneytinu fyrir Bakkafjörð og Þórshöfn. Til máls tók Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Jónas Egilsson og Þorsteinn Ægir Egilsson veittu andsva. Sigríður Friðný bað um fundarhlé kl.18.19. Fundur settur á ný kl.18.22.

Samþykkt samhljóða og Siggeir Stefánsson kemur inn á fundinn á ný.